

Mál nr. 23/2018**M
og
vátryggingafélagið V v/ húseigandatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu er gler í hurð fyrir sturtuklefa brotnaði.****Gögn.**

Málskot, móttakið 17.1.2018, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 2.2.2018, ásamt vátryggingarskilmálum.

Málsatvik.

Aðfaranótt 21. maí 2017 brotnaði gler í hurð fyrir sturtuklefa í húseign M. Við atvikið munu skemmdir hafa orðið á allmörgum flísum bæði að innanverðu í sturtuklefanum sem að utanverðu og á klósettassa.

M hefur í gildi húseigandatryggingu hjá V og hefur krafist bóta fyrir það tjón sem varð við það að glerið brotnaði. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til gr. 2.6 í skilmálum vátryggingarinnar þar sem segir að vátryggingin bæti tjón á hinu vátryggða af völdum brots á venjulegu sléttu og glæru rúðugleri en eingöngu þegar það brotnar eftir að það er ísett, inngreipt eða því er á annan hátt endanlega fyrir komið á þeim stað sem því er ætlað að vera á og svo lengi sem það er á sama stað. Umrætt gler í sturtuhurðinni hafi verið hert gler, en ekki verið venjulegt slétt og glært rúðugler eins og kveðið er á um í skilmálunum. Vinnsla herts glers sé þess eðlis að það sé u.þ.b. fimm sinnum sterkara en venjulegt flotgler af sömu þykkt. Ef glerið brotnar, gerir meðhöndlunin það að verkum að það gerist með miklum krafti og brotni glerið mjög smátt samkvæmt því sem fram kemur á heimasíðu tiltekins glerframleiðanda

Álit.

Í skilmálum V er ekki skýrt hvað sé nákvæmlega átt við með venjulegu sléttu og glæru rúðugleri. Í Íslenskri orðabók er rúða sögð vera glerþynna í glugga; glerrúða, rúða í hurð. Af gögnum málsins þykir mega ráða að umrætt gler sem brotnaði hafi verið slétt og glært. Þótt um hert gler hafi verið að ræða hefur V ekki tekist að sýna fram á að ekki hafi verið um venjulegt gler að ræða sem af þeim sökum falli utan bótasviðs vátryggingarskilmálanna samkvæmt umræddu ákvæði. Verður að telja að bótakrafa M falli undir gildissvið gr. 2.6 í skilmálum vátryggingarinnar og M eigi því rétt til bóta úr húseigandatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr húseigandatryggingu hjá V.

Reykjavík, 6. mars 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.